



Elastorapid



**Tveggja þátta,
öflugt, sveigjanlegt,
hraðharðnandi sementslím.
Ekkert sig og lengdur
vinnslutími fyrir keramik-
og steinflísar**



Flokkun samkvæmt EN 12004

Elastorapid ier mjög sveigjanlegt (S2), endurbætt (2), hraðharðnandi (F) sementslím (C), með mikilli sigmótstöðu (T), og lengdum vinnslutíma eftir blöndun (E). Heildarflokkun efnisins er C2FTE S2.

Eiginleikar **Elastorapid** eru staðfestir í **ITT** skirteinum **nr. 25070277/Gi (TUM)** og **nr. 25080024/Gi (TUM)** gefnum út af rannsóknastofu tækniháskólans í München.

HENTAR VIÐ EFTIRFARANDI AÐSTÆÐUR

Líming keramik- og steinflísa á vegg og gólf af öllum gerðum, innan- og utanhúss. Flísar geta verið úr ein- eða tvíbrenndum leir, postulíni, terrakottaleir, náttúrusteini (marmara, granít og fl.), og tilbúnum efnum sem eru viðkvæm gagnvart raka (MAPEI formfestustaðall, flokkur B), og sem krefjast skamms hörðunartíma.

Nokkrir notkunarmöguleikar

- Líming keramik- og steinflísa á gólf þar sem umferð og álag eru mikil.
- Gólfviðgerðir þar taka verður gólfið sem allra fyrst í notkun, (opinberir staðir, þjónustustöðvar við vegi, matvörumarkaðir, flugvellir, svæði fyrir gangandi umferð. Samanborið við önnur hraðharðnandi lím, gefur **Elastorapid** lengri vinnslutíma, jafnvel við háan umhverfishita
- Við flísalögn á eftirgefanlegt undirlag, t.d. rakavarinn krossvið, spónaplötur af ýmsum gerðum (fullnægjandi rakavarðar), eldri timburgólf og fleira.

- Hraðviðgerðir á eldri flísalögnum, t.d. í sundlaugum, kæliklefum, og matvælaíðnaði.
- Lagning stórra keramik- og steinflísa á útveggi, svalir, þaksvalir, palla og fleiri staði þar sem sól getur orsakað hitasveiflur.
- Lagning flísa á staði sem eru undir miklu álagi og titringi, t.d. göng undir vegi og á járnbrautarstöðvum.
- Lagning flísa á steinsteypta og steypar veggeiningar.
- Lagning stórra flísa á hitaða fleti (gólfhitun), eða beint á eldri gólfefni, t.d. keramikflísar, terrazzo, marmara og fleira.
- Lagning flísa á vatnspétt undirlag eins og **Mapelastic** eða **Mapegum WPS**.
- Lagning viðkvæms náttúrusteins samanber (hvítur Carrara o.s.f.v.).

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Elastorapider tveggja þátta lím, fánlegt í gráum eða hvítum lit. Um er að ræða sérvælið bindiefni og kísilsand (þáttur A), og tilbúið latexgúmmí (þáttur B). Þegar þáttunum er blandað saman, fæst múrlím með eftirfarandi eiginleikum:

- léttfljótandi og því auðvelt í útlagningu;

Elastorapid



Elastorapid dreift á sementsbundna líögn með tenntum spaða



Útlögn postulínsflísa á líögn sem er vatnsvarin með Mapelastic



Útlögn postulínsflísa á rakavarinn krossvið með Elastorapid

- breytilegt álagstengt flot (thixotropy), létt í hrærslu en sigur ekki á vegg. Jafnvel stórar þungar flísar síga ekkert. Leggja má flísar að ofan og niður án þess að þær sígi, og án flísakrossa;

- notkunartími blöndu er óvenju langur miðað við önnur hraðharðnandi lím. Vinnan verður því þægilegri, jafnvel við háan umhverfishita;

- polir vel sveigjanlegt og eftirgefanlegt undirlag (spónaplötur, krossvið, steinsteypu og fl.);

- frábær viðloðun við öll algeng byggingarefni;

- límþykkt allt að 10 mm án rýrnunar og þykktartaps þar til umtalsverðum styrk hefur verið náð.

Elastorapid hefur náð miklum límstyrk eftir 2-3 klst, og er því unnt að taka svæðið fljótt í notkun.

VARNADARORÐ

Notið ekki **Elastorapid** við eftirfarandi aðstæður:

- Á málm-, gúmmí-, PVC- eða línóleumfleti;

- Á marmara eða tilbúin efni þar sem hætta er á miklum hreyfingum af völdum raka (grænn marmari, sumar gerðir flögubergs og sandsteins, MAPEI formfestustaðall, flokkur C). Í slíkum tilvikum er mælt með **Keralastic**, **Keralastic T** eða **Kerapoxy**.

Bætið ekki vatni eða þætti B í blöndu þar sem hörðun er hafin.

VINNSLULEIÐBEININGAR

Undirbúningur undirlags

Allir fletir þar nota skal **Elastorapid** skulu vera fullharðnaðir, álagspólnir, þurrir og lausir við olíu, fitu, vax, laust efni og ryk. Raki í undirlagi getur seinkað hörðun **Elastorapid**.

Sé undirlag úr sementsbundnum efnum, ætti öll rýrnun að vera komin fram áður en flísar eru límdar. Að vor- eða sumarlagi ættu ílagnaefni að hafa harðnað í a.m.k. viku fyrir hvern cm þykktar, og séu þau sementsbundin, ætti hörðunartími að ná 4 vikum, nema því aðeins að notuð séu MAPEI ílagnaefni með sérstökum bindiefnum, svo sem **Mapecem**, **Mapecem Pronto**, **Topcem** eða **Topcem Pronto**.

Vætið undirlag með vatni til þess að kæla fleti sem hitnað hafa í sólarljósi.

Gipsfletir og ílagnir úr anhydriti, verða að vera algerlega þurr (hámark 0,5% raki), nægilega hörð og rykfrí. Nauðsynlegt að grunna með **Eco Prim T** eða **Primer G**. Fleti þar sem rakaálag er mikið, skal grunna með **Primer S**. Að jafnaði ætti að fylgja nákvæmlega tækniupplýsingum MAPEI varðandi undirbúning undirlags, áður en sprunguviðgerðir hefjast, lögð eru hraðharðnandi flötefni, eða fletir réttir af.

Blöndun

Blandið 25 kg af gráum/hvítum þætti A (sementslíkt duft) með 6,25 kg af þætti B (tilbúið latexgúmmí). Hellið duftinu (þætti A) yfir í þátt B. Best er að nota hæggengan blandara þar til þjálg kögglafrí blanda er fengin. Notkunartíminn er 60-75 mínútur við 20 °C, en hærra hitastig getur stýtt þennan tíma verulega. Engu að síður auðveldar hinn

tiltölulega langi vinnslutími **Elastorapid**, flísalögn við háan umhverfishita.

Lím lagt út

Elastorapid er lagt út á yfirborð með tenntum spaða eða bretti. Veljið spaða sem tryggir að bakhlið flísa verði algerlega þakin lími.

Til að góð viðloðun fáiast, berið fyrst þunnt lag af **Elastorapid** á yfirborðið með sléttum kanti spaðans, síðan strax þá lagþykkt sem óskað er, með hæfilega tenntum spaða, allt eftir gerð og stærð flísa.

Fyrir mósaiikflísar allt að 5x5 cm stærð, hentar að nota MAPEI spaða nr. 4 eða 5, efnisnotkun 2,5-3,0 kg/m².

Fyrir venjulegar keramikflísar, notið MAPEI spaða nr. 5 með rombulaga tönnum, efnisnotkun 3,5-4,0 kg/m².

Sé undirlag ójafnt, eða séu rif á bakhlið flísa, notið MAPEI spaða nr. 6, efnisnotkun 5-6 kg/m².

Sé undirlag mjög ójafnt, eða stórgerð rif á bakhlið flísa, notið MAPEI spaða nr. 10 með rétthyrndum tönnum, efnisnotkun 8 kg/m², eða notið spaða ætlaðan fyrir **Kerafloor** (allt að 1 cm límþykkt).

Fyrir keramik- eða náttúrulegar steinflísar utanhúss, flísar með rásum á bakhlið, flísar sem eru stærri en 900 cm², eða flísar sem pólera skal á staðnum, þar sem þungaumferð er, eða í sundlaugum og pottum, skal einnig bera límið á bakhlið flísanna til að tryggja fullkomna límingu.

Líming flísa

Óþarft er að bleyta flísar fyrir lögn. Sé bakhliðin er mjög rykug, er ráðlagt að dýfa þeim fyrst í hreint vatn. Þrýstið flísunum þétt að yfirborði til þess að límið nái að þekja bakhliðinn vel.

Við venjulegt hita- og rakastig, ná gera ráð fyrir að útlagt **Elastorapid** hafi u.þ.b. 30 mínútna vinnslutíma. Séu aðstæður óhagstæðar, beint sólarljós, vindur, hátt hitastig, lágt loftrakastig, eða gleypst yfirborð, getur tíminn styst verulega, eða allt niður í örfáar mínútur. Sé undirlag vætt fyrir útlagningu límsins, má lengja þennan tíma nokkuð.

Fylgist vel með að ekki myndist húð á yfirborð límsins. Gerist það, skal strjúka aftur yfir límið með tenntum spaða. Ekki er mælt með að væta límið með vatni, ef slík húð hefur myndast. Það dregur verulega úr viðloðun. Flísar sem límdar eru með **Elastorapi** kal hvorki þvo, né láta rigna á þær í 3-4 klst eftir límingu. Hlífið gegn sterku sólarljósi í a.m.k. 12 klst.

FÚGUN OG ÞÉTTING

Veggfúgur má fylla eftir 3 klst með viðeigandi MAPEI fúguefnum, sements- eða epoxýbundnum, fánlegum í ýmsum litum. Þensluraufar skal fylla með viðeigandi MAPEI þéttiefnum.

ÞÚSSUN

Yfirborð má þússa eða pólera eftir 24 klst.

TILBÚIÐ FYRIR LÉTTA GANGANDI UMFERÐ

Gólfíð er tilbúið fyrir létt gangandi umferð eftir 3-4 tíma.

FULL NOTKUN

Fletir eru tilbúin til notkunar eftir u.þ.b. sólarhring.

Sundlaugar og potta má fylla eftir 3 daga.

TÆKNIUPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

Uppfyllir kröfur staðla:

- EN 12004 sem C2FTES2
- ISO 13007-1 sem C2FTES2

VÖRULÝSING

ÞÁTTUR A:

Eðlisástand:	grátt eða hvítt duft
Eðlismassi (kg/m ³):	1 250
Purrefnisinnihald (%):	100

ÞÁTTUR B:

Eðlisástand:	vökvi
Litur:	hvítt
Eðlismassi (g/cm ³):	1,035
pH (sýrustig):	7,5
Purrefnisinnihald (%):	31

SAMSETNING OG EIGINLEIKAR BLÖNDU (23°C og 50% loftraki)

Blöndunarhlutfall:	hvítt: Þáttur A: 25 kg + Þáttur B: 6,25 kg grátt: Þáttur A: 25 kg + Þáttur B: 6,25 kg
Áferð blöndu:	Þykkfljótandi massi
Eðlismassi blöndu (kg/m ³):	1 650
pH (sýrustig) blöndu:	um 11
Vinnsluhitabil:	+5°C - +30°C
Vinnslutími blöndu:	60-75 mín
Vinnslutími eftir útlögn (EN 1346):	um/yfir 30 min
Hörðunartími:	120-150 min
Fúgun:	eftir 3 klst
Létt fótgangandi umferð:	eftir 3 klst
Létt fótgangandi umferð:	eftir 24 klst (3 dagar fyrir sundlaugar og potta)

ENDANLEGIR EIGINLEIKAR

Endanlegir eiginleikar: EN 1348 (N/mm ²):	
– upphaflegur togstyrkur (viðloðun 28 dagar):	2,5
– togstyrkur eftir öldrun í hita:	2,5
– togstyrkur eftir vatnsbað:	1,5
– togstyrkur eftir frost/bíðu meðferð:	1,8
Beygjuþol (N/mm ²)	
– 28 dagar:	6,0-7,0
Þrýstiþol (N/mm ²)	
– 28 dagar:	17,0-18,0
Pol gegn sýrum:	lítið
Pol gegn basískum efnum:	mjög gott
Pol gegn olíum:	mjög gott
Pol gegn leysiefnum:	mjög gott
Notkunarhitastig EN 12002:	-30°C - +90°C
Aflögunarhæfni skv. EN 12002:	S2 - mjög sveigjanlegt



Postulínsflísar lagðar á steinsteyptan vegg með Elastorapid

Elastorapid

Hreinsun áhald

Hreinsið áhöld með nægu vatni á meðan **Elastorapid** er enn óharðnað. Eftir hörðun er hreinsun erfið. Notkun leysiefna eins og terpentínu (white spirit) auðveldar hreinsunarvinnu.

EFNISNOTKUN

- Mósak og litlar flísar (spaði nr. 4): 2,5-3 kg/m²;
- venjulegar flísar (spaði nr. 5): 3,5-4 kg/m²;
- Stórar flísar og gólfpletir utandyra (spaði nr. 6): 5-6 kg/m²;
- Upphleyptar bakhliðar og ójafnt undirlag, náttúrusteinn (spaði nr. 10): 8 kg/m² eða meira

PÖKKUN

Elastorapid ier fáanlegt í gráum eða hvítum lit.

Elastorapid er afgreitt sem sett, alls 31,25 kg: Þáttur A: 25 kg sekkur; Þáttur B: 6.25 kg dós.

GEYMSLA

Elastorapid þáttur A þolir geymslu í 12 mánuði í upprunalegum umbúðum á þurrum stað.

Elastorapid þáttur B þolir geymslu í 24 mánuði. Hlífið gegn frosti.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar www.mapei.no okkar.

VARA ÆTLUÐ TIL NOTKUNAR AF FAGMÖNNUM.

VIÐVÖRUN

Jafnvel þótt tæknilegar upplýsingar og ráðleggingar í gagnablaði þessu með vörunni séu í samræmi við okkar bestu þekkingu og reynslu, ber að taka öllum ofangreindum upplýsingum sem leiðbeinandi eingöngu og á grundvelli hagnýtrar notkunar til langs tíma lítið. Þar af leiðandi þarf hver sá sem hyggst nota vöruna að tryggja sér fyrir fram að hún henti til áætlaðrar notkunar. Notandinn er einn og öllum tilvikum að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum þess að varan sé notuð.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tæknigagnablaðinu sem finna má á vefsetri okkar www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en það skjal skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð. Til að nálgast nýjustu tækniblað og upplýsingar varðandi ábyrgð, vinsamlegast heimsækjið heimasíðu okkar á www.mapei.no **ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA ÚR ÞESSU ÖRYGGISBLAÐI MUNU ÓGILDA ALLA TENGDA ÁBYRGÐ MAPEI.**

Hægt er að biðja um allar viðeigandi upplýsingar um vöruna og nálgast þær á www.mapei.no



BUILDING THE FUTURE